

## Fundargerð 7. fundar ferðamálaráðs

Fundur haldinn hjá SAF í Húsi atvinnulífsins, 20. nóvember 2023, kl.10:00

**Mætt:** Sigrún Elsa Smáradóttir formaður (tilnefnd af MVF), Ingvi Már Pálsson (MVF, þurfti að víkja af fundi kl. 11), Páll S. Brynjarsson (SAF), Ingibjörg Ösp Stefánsdóttir (tilnefnd af FJR), Þórdís Lóa Þórhallsdóttir (SÍS), Hafdís Huld Björnsdóttir frá RATA (gestur) og Anna Katrín Einarsdóttir frá RATA (gestur).

**Í fjarfundi:** Arnar Már Ólafsson (Ferðamálastofa, þurfti að víkja af fundi kl. 11) og Arnheiður Jóhannsdóttir varaformaður (tilnefnd af MVF).

**Höfðu boðað forföll:** Jóhannes Þór Skúlason (SAF), Bjarnheiður Hallsdóttir (SAF) og Sigtryggur Magnason (IRN).

**Fjarverandi:** Steinar Ingi Kolbeinsson (URN).

Fyrir fundinn kom fram að nýr tengiliður er frá innviðaráðuneyti í stað Sigtryggs Magnasonar. Engin tilkynning um slíkt hefur borist menningar- og viðskiptaráðuneytinu og því ekki vitað hver tekur við.

Formaður hóf fundinn og bauð alla velkomna.

- Tilgangur fundarins var að fá kynningu frá RATA um fyrstu drög aðgerðaráætlunar sem nú eru í samráðsgáttinni til umsagnar. Drögin verða opin þar til 23. nóvember n.k.
- Mikilvægt er að fulltrúar í ráðinu ræði saman tækifæri, áskoranir og mögulegar hindranir í þessum fyrstu drögum. Umsögn frá ráðinu eða samantekt væri svo hægt að senda á ráðherra eða stýrihóp verkefnisins.

Næst tók Ingvi Már til máls og fór stuttlega yfir stöðu mála.

- Þriggja vikna umsagnarfrestur er gefinn í samráðsgátt.
- Tillögurnar eins og þær eru settar fram nú eru fyrstu drög að aðgerðum, stýrihópur verkefnisins hefur ekki haft aðkomu að þeirri vinnu sem nú er að baki varðandi drögin.
- Það á eftir að vinna betur úr þessum tillögum áður en þær fara aftur í samráðsgátt og á seinni stigum í þingsályktunartillögu sem fyrirhugað er að fari fyrir þingið í vor.
- Aðeins fyrri hluta vinnunnar er lokið og er þetta góður grunnur fyrir þann seinni.
- Ingvi Már, ásamt fulltrúum RATA, er mjög ánægður með þá vinnu sem starfshóparnir sjö hafa lagt í verkefnið svo og áhugann á þessu verkefni í heild.

Hafdís Huld og Anna Katrín frá RATA tóku því næst til máls og hófu kynninguna.

- Mikill fjöldi fólks hefur komið að vinnu þessa verkefnis.
- Alls sjö starfshópar.
- Hver starfshópur skipulagði a.m.k. einn hagaðilafund.
- Samráð búið að vera gríðarlega mikið.
- Ólíkir aðilar úr mismunandi áttum með margskonar skoðanir.
- Ýmis álitamál þurfti að leysa á meðan á þessu ferli stóð til að komast að sanngjarnri niðurstöðu sem sátt var um.
- Þetta er umfangsmikið verkefni sem er enn í vinnslu.

- Kostnaðargreining mun fylgja þegar drögin verða orðin skýrari og ábyrgðar- og framkvæmdaaðilar orðnir ljósir.
- Alls hafa 100 manns tekið beinan þátt í verkefninu.

Starfshóparnir voru eftirfarandi:

1. Sjálfbærni og orkuskipti
  2. Samkeppnishæfni og verðmætasköpun
  3. Rannsóknir og nýsköpun
  4. Uppbygging áfangastaða
  5. Hæfni og gæði
  6. Heilsu-, veitinga- og hvataferðapjónusta
  7. Menningartengd ferðapjónusta.
- Hver starfshópur skilaði af sér 4-5 tillögum að aðgerðum ásamt fjölmörgum undirliðum.
  - Þar sem verkefnið í heild er mjög umfangsmikið þá eru frumdrögin það einnig.

Í lok fundar var aðkoma ferðamálaráðs að verkefninu rædd og þá hvernig best væri að nálgast þá vinnu sem framundan er.

Ákveðið var að ræða það betur á næsta fundi ferðamálaráðs sem verður haldinn í fjarfundi í desember.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 12:00

Reykjavík 21. nóvember 2023

Fundargerð ritaði Alda Þrastardóttir  
(Ferðamálastofa)